



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélagið Árborg -
Fjölskyldusvið
b.t. Margrétar Bjarkar
Brynhildardóttur
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík 3. maí 2022

2203125NA AI
Málalykill: 21.11

Efni: Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2022

Hér með tilkynnist að stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, hefur lokið úthlutun fyrir skólaárið 2022-2023. Alls bárust umsóknir um styrki til 208 verkefna frá 83 umsækjendum upp á rúmlega 140 millj. króna. Ákveðið var að veita öllum verkefnum styrki og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 59.800.000.

Hér með staðfestist að **Sveitarfélagið Árborg** kt. 650598-2029, hlýtur styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að hámarki **1.452.000** kr. sem svarar til **66 klukkustunda hið minnsta** til verkefnanna:

	Hámarksfjöldi klukkustunda. skv. umsókn
Eitt sveitarfélag - eitt lærdómssamfélag	15
Frímínútur í vináttu og gleði	24
Upplýsingatækni í grunnskólum Árborgar	30
Innleiðing farsældarlaga í skólum og á fjölskyldusviði Árborgar	28
Skapandi skólastarf, fyrir list- og verkgreinakennara og aðra áhugasama um samþættingu námsgreina.	25
Íslenska sem annað mál, menningarfærni og fjöltyngi í skólastarfi - breytingar á aðalnámskrá grunnskóla	15

Styrknum skal varið til símenntunar **félagsmanna Félags grunnskólakennara (FG)** og **Skólastjórufélags Íslands (SÍ)** og skal honum varið til leiðsagnar skv. umsókn.

Stjórn Námsleyfasjóðs felur hlutaðeigandi styrkþega að taka endanlega ákvörðun um ráðstöfun styrksins og forgangsraða þeim verkefnum sem styrkur er veittur til, t.d.

fjármagnað eitt þeirra að fullu og sett annað/önnur í bið. Ekki er gert ráð fyrir að styrknum sé varið til annarra verkefna en upp eru talin hér að ofan.

Í 10. grein reglna um Endurmenntunarsjóð grunnskóla er kveðið á um skriflega samninga um útfærslu verkefna og greiðslur og fylgir slíkur samningur hér með. Hægt er að skila samningnum á tvo vegu.

1. Með löturpósti


Þá er samningurinn í tveimur eintökum og er ætlast til að bæði eintök séu undirrituð og öðru skilað aftur til stjórnar Námsleyfasjóðs sem allra fyrst.

2. Með tölvupósti

Þá er samningurinn í einu eintaki, hann undirritaður, skannaður inn og skilað aftur til stjórnar Námsleyfasjóðs á netfangið: samband@samband.is

Gert er ráð fyrir að verkefninu verði lokið í lok skólaársins 2022-2023, í síðasta lagi. Að öðrum kosti fellur styrkurinn niður. Meðfylgjandi er einnig eyðublað fyrir greinargerð ásamt eyðublaði fyrir staðfestingu þátttakenda sem ber að skila til stjórnar Námsleyfasjóðs að verkefni loknu. Styrkir verða ekki greiddir fyrr en fullnægjandi greinargerð hefur verið skilað og tryggt er að verkefnið hafi náð fram að ganga samkvæmt þeirri áætlun sem fram kemur í umsókn. Hafi fullnægjandi greinargerð ekki borist í síðasta lagi **1. september 2023** fellur styrkur niður.

Virðingarfyllt
NÁMSLEYFASJÓÐUR



Anna Inga döttir
starfsmaður stjórnar Námsleyfasjóðs